



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2025

SFS25030065

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Laugasólar (Laugaborg)

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Laugasólar (Laugaborg), Leirulæk 4-6, 105 Reykjavík sem er nú staðsett í Safamýri 5, 108 Reykjavík þar til 1. ágúst 2025. Eftir það mun starfsemin flytjast í Ármúla 28, 108 Reykjavík til loka árs 2028 eða þar til framkvæmdum lýkur á húsnæði Laugasólar (Laugaborg). Þá verði öll starfsemi að nýju að Leirulæk 4-6, 105 Reykjavík.

Greinargerð:

Til stóð að fara í framkvæmdir á leikskólanum Laugasól (Laugaborg) og var starfsemin flutt í Safamýri 5. Við upphaf framkvæmda kom í ljós að grunnur hússins uppfyllti ekki núverandi öryggiskröfur sem leiddi til þeirra ákvörðunar að rífa húsið og endurbyggja. Í ljósi þess að rífa þarf húsið og gera nýjar áætlanir mun framkvæmdatími dragast. Því verður starfsemi Laugasólar flutt úr Safamýri 5 í Ármúla 28, 108 Reykjavík sumarið 2025 og vera þar uns framkvæmdum á húsnæði Laugasólar (Laugaborg) er lokið og hefst þá starfsemi að nýju að Leirulæk 4-6.



Reykjavík